



FUNDARGERÐ

Aukaaðalfundur SASS, Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga á Suðurlandi haldinn á Hótel Selfossi, miðvikudaginn 2. júlí 2014 kl. 13:00

1. Setning

Gunnar Þorgeirsson formaður setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra og fundarritara.

2. Kosning fundarstjóra, fundarritara og kjörbréfanefndar

Ásta Stefánsdóttir kjörinn fundarstjóri og Þórður Freyr Sigurðsson fundarritari.

Eftirtaldir kosnir í kjörbréfanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir

Guðmundur Ingi Ingason

Ari B. Thorarensen

3. Yfirlit um störf fráfarandi stjórnar

Gunnar Þorgeirsson formaður stjórnar SASS gerði grein fyrir störfum fráfarandi stjórnar.

Gunnar gerði grein fyrir starfsmönnum SASS og starfsstöðvum þeirra. Fjallað var um verkefni sóknaráætlunar og fjármögnun þess verkefnis. Skiptingu fjármuna til landshlutans og tímamörk við lúkningu sóknaráætlunar fyrir árið 2014, sem var 10. júní s.l. Gunnar fjallaði um fjármuni til sóknaráætlunar 2015 til 2017 og kröfur SASS um að fjármunir til landshlutasamtakanna til ýmissa verkefna og starfseminnar frá hinu opinbera renni til samtakanna í einum farvegi og jafnræði muni ríkja í skiptingu fjármuna til landshlutasamtaka og verði gert með gagnsærri reiknireglu. Sérstaklega benti Gunnar á að lítið tillit hafi verið tekið til þess við útdeilingu fjármuna á síðasta ári, að Hornafjörður er nú hluti af SASS, Menningarsamningi Suðurlands og starfssemi atvinnuþróunar í landshlutanum.

Gunnar fór yfir rekstur almenningssamgangna og mikilvægi þeirra, um vetraráætlun sem nýverið var til umfjöllunar og samþykktar á þar

síðasta stjórnarfundu SASS. Farið var yfir óljóst regluverk í tengslum við einkaleyfi til rekstrar almenningssamgangna. Baráttumál SASS þessa dagana er að rekstrarumhverfi SASS, í rekstri almenningssamgangna, verði bætt með traustu regluverki. Gunnar fjallaði um seinkun á undirskrift menningarsamnings af hendi ráðuneytisins, sem seinkaði úthlutun menningarstyrkja á þessu ári.

Gunnar fjallaði í stuttu máli um sameiningu lögreglu- og sýslumannsembættu og baráttumáli SASS fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi.

4. Skýrsla kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörbréfanefndar tók til máls. Kjörnir fulltrúar eru 58, gild kjörbréf eru fyrir 58 fulltrúa, 46 aðalmenn mættir, 4 varamenn mættir og 8 eru fjarverandi.

Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan.

5. Ársreikningur SASS 2013

Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS fór yfir ársreikning SASS fyrir árið 2013 og jafnframt yfir störf samtakanna á síðasta ári að því leyti er tengist upplýsingum í ársreikningi SASS.

Farið var yfir upplýsingar um hagnað af rekstri samtakanna og hvers vegna hann er tilkominn og hvers vegna honum hefur ekki verið ráðstafað, en það er vegna varúðarsjónarmiða í tengslum við dómsmál sem í gangi eru vegna almenningssamgangna.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og fjallaði um meðferð þessa ársreiknings á fundinum.

Gunnar Þorgeirsson tók einnig til máls um hagnað af rekstri samtakanna og sagði að líta þyrfti til lengra tímabils og benti á að tap hefði orðið rekstri almenningssamgangna árið 2012.

Ásta Stefánsdóttir lagði til að ársreikningi SASS fyrir árið 2013 yrði vísað til til haustfundar SASS. Fundurinn samþykkti það.

6. Kosning stjórnar SASS og kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu kjörnefndarinnar um stjórn SASS:



Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélaginu Árborg
Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi
Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Varamenn:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppi
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Tillagan samþykkt.

Aldís tók til máls og bar fram tillögu um að Gunnar Þorgeirsson yrði endurkjörinn sem formaður stjórnar SASS og Elín Einarsdóttir yrði kjörin varformaður.

Tillagan samþykkt.

Aldís lagði síðan fram eftirfarandi tillögu um kjörnefnd:

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Sveinn Steinarsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Guðmundur Ingi Ingason, Skaftárhreppi
Halldóra Hjörleifsd. Hrunamannahreppi
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð



Varamenn:

Pórhallur Einisson, Hveragerðisbæ
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Pórhildur Ásta Magnúsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Birna Þórsdóttir, Vestmannaeyjabæ
Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi
Björgvin Skapti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Árni Eiríksson, Flóahreppi

Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir

Varaformaður: Guðmundur Ingi Ingason

Tillagan samþykkt.

7. Fundarslit

Gunnar Þorgeirsson, formaður tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og einnig sveitarstjórnarfólki. Gunnar fjallaði stuttlega um umhverfi og lagalegan ramma þessa samstarfs, ýmis samstarfsverkefni á vegum sveitarfélaga og þróun á flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Að lokum þakkaði hann öllum fyrir samstarfið og sagði fundi slitið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Þórður Freyr Sigurðsson, fundarritari.